# Ströndungur

15. júní 2017 ★ 6. tbl. 5. árg.


## Bryggjuhátíð

Ágætu sveitungar

Kvenfélagið stendur fyrir bryggjuhátíð við höfnina/áhaldahús hreppsins þann 16. júní n.k. fjörið hefst kl. 20:00 og stendur til miðnættis.

Svuntubarinn góði verður á sínum stað með öl, rautt og hvítt, írskt kaffi og venjulegt, safa, snakkbáta, gullfiska og án efa skemmtilegustu bardömur landsins.

Þó spáin sé svöl klæðum við okkur bara betur, tökum fram lopapeysuna, jafnvel regnjakkann, húfu og vettlinga og svo er um að gera taka með sér garðstóla, sessur og teppi.

Njótum góðra veitinga í enn betri félagskap hvors annars við ljúfa tóna út í sumarkvöldið á fallegu Svalbarðsströndinni okkar.

Sjaumst hress á föstudagskvöld, kveðja Kvenfélagskonur

---

## Sumaropnun sundlaugarinnar

Sundlaugin verður opin sunnudaga til fimmtudaga kl. 16:00-20:00.

---

## Næstu rusladagar

| | | |
|---|---|---|
| 15. júní | - | Gráa / brúna tunnan |
| 22. júní | - | Græna tunnan |
| 29. júní | - | Gráa / brúna tunnan |
| 13. júlí | - | Gráa / brúna tunnan |

## Fjáröflun unglingadeildar Valsárskóla

Klósettpappír: 48 WC-rúllur 7.000 kr og 24 rúllur 3.500 kr.

Eldhúspappír: 15 rúllur 3.800 kr. og 5 rúllur 1.300 kr.

Gæðapappír sem er keyrður heim að dyrum. Til að panta pappír má hafa samband við Fjólu Þórhallsdóttur Smáratúni 1, sem tekur við pöntunum í síma 892-0773.

---

## Bókasafn

Bókasafn Lestrarfélags Svalbarðsstrandar er í Ráðhúsinu á Svalbarðseyri. Það er opið á mánudögum kl. 17:00-19:00, en þess utan er hægt að komast á bókasafnið þegar skrifstofa sveitarfélagsins er opin.

---